

Lokaskýrsla Norðlingaskóla til Sprotasjóðs 2021 um

Tónabré



-tungumálatónar-

Nafn skóla: Norðlingaskóli

Nafn verkefnisins: Tónabré -tungumálatónar

Nafn verkefnisstjóra: Erla Guðrún Gísladóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-59, 2020-2021

Markmið verkefnis:

Markmið Tónabréar -tungumálatóna er að bjóða upp á fjölbreyttara íslenskunám fyrir börn af erlendum uppruna með samþættingu námsgreina. Þrenn markmið liggja þar undir, í fyrsta lagi að bjóða nemendum af erlendum uppruna upp á tónlistarnám, í öðru lagi að samþætta námsgreinar, tónlistar- og íslenskunám og í þriðja lagi að efla sjálfstraust nemenda.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Erla Guðrún og Þráinn Árni vinna náið saman og hver tími samanstendur af tónlistarkennslu sem Þráinn sér um og svo í framhaldi er unnið með sönglöggin í íslenskutíma sem Erla Guðrún sér um. Nemendur koma einu sinni í viku í tónlistartíma og einu sinni í viku í íslenskutíma.


Í tónlistartímunum eru yngri krakkarnir í litlum hópum 2-5 nemendur en eldri krakkarnir eru í einstaklingstímum. Lagt er upp með að kenna þeim á hljóðfæri, spila eftir takti, finna rytmann í lögunum og að endingu að reyna við að spila lög. Kennarinn kynnir ýmis lög fyrir nemendum og eldri nemendur hafa einnig verið að leyfa kennaranum að hlusta á lögina sem þau hlusta mest á. Nemendur mæta einu sinni í viku í tónlistartíma. Tónlistar- og íslenskukennarinn vinna svo náið saman með hvaða lög eru tekin fyrir og flæðir tónlistarkennslan áfram inn í íslenskukennsluna.



Til að mynda er Litalagið tekið fyrir í tónlistartímanum þá er í framhaldi unnið með lagið í íslenskutímanum með margvíslegum hætti. Lagt er upp úr því að læra lögina utanbókar með skemmtilegum hætti. Nemendur eru gríðarlega áhugasamir um að syngja lögina sem þau hafa verið að læra á hljóðfæri. Kennari og nemendur hefjast svo handa við að vinna með lögina á sem

fjölbreyttasta máta. Eitt er að læra það en svo er að skilja það sem sungið er um. Mikil umræða

fer fram um orðin og í sameiningu finnum við þau orð sem nemendur vita ekki hvað þýða. Það hefur þróast í skemmtilegan rannsóknarleik þar sem fyrst er leitað að orðum og svo er reynt að finna út hvað þau þýða. Í þeirri vinnu slá þau m.a. orðið inn í google og með leiðsögn kennara komast að því hvað orðið þýðir. Þegar umræðum um orðið linnir er hafist handa við að vinna nánar með orðin. Yngri nemendur hafa mjög gaman af því að teikna myndir út frá orðunum og er það mikið nýtt, orðin eru skrifuð í glósubækur og þau sem vilja finna orðin jafnframt á sínu móðurmáli, farið er í hreyfileiki með orðin og í lok tímanna fá þau oft að vinna í smáforritum með orðin. Í þeirri vinnu höfum við mest unnið með smáforritið *Bitsboard* þar sem hægt er að slá inn orðin og fá margvíslega verkefni.



Nemendur kunna mismikið á hljóðfæri og mismikið í íslensku. Í Tónabru kemur það ekki að sök, námið er aðlagð að hverjum nemenda. Ýmsir geta farið í gegnum mörg lög á meðan aðrir dvelja lengur við hvert lag. Það er ekki aðalatriði að gera sem mest á sem minnstum tíma. Heldur að hver og einn njóti sín, læri á hljóðfæri og fái tækifæri til að leika sér með margvíslegum hætti með orðin sem eru í lögnum sem þau spila á hljóðfærin.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Veturinn í ár einkenndist af takmörkunum og mismunandi reglum varðandi samkomur. Það hafði óneitanleg áhrif á okkar vinnu og setti upphafleg plön okkar á köflum í uppnám. Fátt er þó með öllu illt að ei boði gott og það fól líka í sér tækifæri að aðlaga Tónabru að þeim samkomutakmörkunum sem voru í gangi á hverjum tíma fyrir sig. Við fengum til að mynda nasasjón af því að halda út þéttu prógrammi á styttri tíma fyrir ákveðinn hluta nemenda sem var góð reynsla og gott fyrir okkur að sjá muninn á vikulegri kennslu og daglegri kennslu.

Í byrjun verksins lögðum við upp með að gera kennsluáætlun sem myndi fylgja takti skólafarsins og taka fyrir ákveðna þætti í hverri viku. Við fundum fljótt að slíkt fyrirkomulagið hentar hvorki þeirri kennslu sem við höldum úti né þörfum nemenda. Kennsluáætlanir voru því lagðar til hliðar og lagt var upp með lagaúrval sem við í samvinnu

við nemendur völdum svo úr eftir áhuga og getu. Í samvinnu við nemendur fundum við svo leiðir til að vinna með lagatextana í íslenskutímunum, það tók eilíttinn tíma að fínstilla það. Mikil tilraunastarfsemi sem unnin var í náinni samvinnu milli kennara og nemenda.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið

Markmið Tónabráar eru margvísleg í fyrsta lagi að bjóða nemendum af erlendum uppruna upp á tónlistarnám, í öðru lagi að kenna íslensku í gegnum íslenska söngvaarfinn og um leið kenna menningarlæsi á íslenska menningu og í þriðja lagi að efla sjálfstraust nemenda.

Í gegnum fyrri vinnu kennara vissum við af því að tónlist glæðir alla kennslu lífi og eykur gleði nemenda. Það sem kom okkur á óvart hve framfarir nemenda urðu miklar þegar íslensku-



og tónlistarkennari unnu markvisst saman. Nemendur gátu tekist á við mjög flókin orð í gegnum tónlistina og voru spenntir að læra hvað orðin þýddu og merktu í íslenskutímunum. Textar sem búið var renna nokkrum sinnum í gegn í tónlistartíma urðu eins og spennandi ráðgáta sem beið þess að verða leyst í íslenskutímum.

Óvænt hliðarafurð sem kom upp við vinnu verkefnis var hið lýðræðislega samtal sem þróaðist á milli nemenda og kennara um hvaða lög skyldu tekin fyrir. Kennarar voru búnir að vinna

ákveðinn lagaúrvalsgrunn sem kynntur var fyrir nemendum. Nemendur allt niður í 2. bekk höfðu miklar skoðanir á hvaða lög voru tekin fyrir og viluðu sér ekki fyrir að velja lög sem voru í þyngri kantinum með flókinn orðaforða. Þegar leið á veturinn og nemendur öðluðust meira öryggi í tónlistar- og íslenskuvinnunni kom í ljós að nemendur voru oft með sterkar skoðanir og íhuguðu vel og vandlega hvaða lag skyldi unnið með næst. Hlustað var á þrjú til fjögur lög, efni þeirra velt fyrir sér, hvort þau væru vel sungin og hvaða laga þau hefðu áhuga á að taka fyrir. Eldri nemendur kynntu jafnframt fyrir tónlistarkennaranum þau lög sem þau hlustuðu mest á og kenndi þar ýmissa grasa.

Best af öllu var að upplifa gleði nemenda að taka þátt í tímunum, það voru alltaf spennir nemendur sem biðu eftir að koma í tíma hvort sem það var íslensku- eða tónlistartími. Hvort sem nemendur glímdu við námserfiðleika eður ei, leystu nemendur ávallt verkefnið með þryði, sem leiddi til að sjálfstraust nemenda jókst og óöryggi minnkaði. Það er gaman að segja sérstaklega frá einum nemenda sem erfiðlega hefur gengið í námi að umsjónarkennari þess nemenda ljómaði allur þegar hann lýsti því hvað nemandinn blómstraði eftir tímana og væri svo glaður og sæll með sitt framlag. Það er ómetanlegt þegar skólinn nær að mæta þörfum nemenda og efla þau í leik og starfi.

Mat á verkefninu

Tónabré er tækifæri til að flétta saman íslensku- og tónlistarkennslu og jafnframt efla þau í leik og starfi. Í vinnu við verkefnið kom klárlega í ljós ávinningur af nánú samstarfi tónlistar- og íslenskukennara. Nemendur sem jafnvel hafa veigrað sér við að takast á við flóknari verkefni voru komnir á kaf í vinnu við flókna lagatexta, óhræddir og fullir sjálfstraust. Í fjölmenningskennslu þar sem kennari þarf að kenna nýkomnum nemendum af erlendum uppruna mikið efni í íslensku varð Tónabréu kærkomið uppbrot og bauð upp á að nálgast íslenskukennsluna með léttari hætti. Kennslan í Tónabréu studdi við hefðbundna íslenskukennslu og var kærkomin viðbót. Gildi tónlistar í skólastarfi er vanmetin og rík þörf á að fá meira fjármagn til að hægt sé að bjóða nemendum upp á meiri tónlistarkennsla sem er samþætt öðrum námsgreinum. Tónlist ætti ekki að vera hliðarafurð sem hægt er að grípa í þegar nóg er af fjármagni, hún ætti að vera einn af kjarnaþáttum alls skólastarfs. Það er von okkar að reynsla Tónabréu af kennslu íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna verði til þess að tónlistarkennsla verði kjarnaþáttur af byrjendakennslu í íslensku fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Niðurstöður verkefnisins:

Vinnu við verkefnið miðaðist vel yfir veturinn. Það voru ýmis atriði sem þróuðust öðruvísi heldur en lagt var upp með. Til að mynda notuðumst við ekki við kennsluáætlanir heldur varð niðurstaðan að gera lagagrunnsúrval ásamt því að tiltaka kennsluáferðir sem hentuðu við íslenskunámið.

Umtalsvert meiri tími fór í samráð á milli íslensku- og tónlistarkennara en gert var ráð fyrir. Fyrir það fyrsta fór óhemjumikill tími í að velta fyrir sér góðum lögum sem hentuðu fyrir kennsluna. Það var ekki nóg að þau væru með góða lagatexta sem hefðu lifað lengi með þjóðinni heldur máttu þau heldur ekki vera of flókin til spilunar því velflestir nemendur höfðu lítinn sem engan grunn í tónlistarspilun.

Líkt og áður sagði að þá var ekki alltaf hægt að halda úti vikulegri kennslu í tónlist- og íslensku eins og plön gerðu ráð fyrir. Íslenska þjóðin aðlagði sig fljótt af breytilegum samkomutakmörkunum og við vorum engin undantekning. Það voru líka kostir sem fylgdu því að breyta kennslu eftir samkomutakmörkunum. Við fengum tækifæri til að kenna ýmsum hópum þétt þann tíma sem við deildum sóttvarnarhólfi. Út frá þeirri reynslu teljum við að best sé að bjóða upp á 5-6 vikna námskeið, þar sem nemendur fá tvo tónlistartíma í viku og einn íslenskutíma.



Þegar leið á veturinn varð ljóst að nemendur á efstu stigum skólans höfðu minni áhuga á þátttöku. Þau voru öll mjög jákvæð og fannst skemmtilegt að tala um tónlistina og þæla aðeins í orðaforða en þau skiluðu sér oft illa í tíma vegna þess að þau gleymdu þeim og var það mat kennara í Tónabré að nota ætti Tónabré frekar sem sérúrræði fyrir þau sem hafa sérstakan áhuga.

Markmið Tónabréar voru fjölbætt sem nær öll náðust. Lagt var upp með að kenna nemendum á hljóðfæri sem gekk eftir, kenna þeim íslensku og bæta menningarläsi þeirra sem og efla þau í leik og starfi. Það gekk að mestu leyti upp hjá okkur þrátt fyrir Covid-samkomutakmarkanir. Það sem náðist ekki var að halda tónleika þar sem nemendur gætu sýnt leikni sína á hljóðfæri og sýningu með afrakstri íslenskuvinnu þeirra. Í skýrslu þessari látum við fljóta með ýmsar myndir af starfinu í vetur til að gefa innsýn í verkefnið.

Það er mikill áhugi á að halda verkefninu áfram úti og vinna það einnig á fleiri starfstöðum í hverfinu líkt og leikskólanum Rauðhóli. Sótt hefur verið um styrki til að tryggja verkefninu áframhaldandi líf.

Kynning á afrakstri verkefnis

Það er komin upp heimasíða um verkefnið Tónabré ([tonabru.is](https://www.tonabru.is)) og facebooksíða Tónabré (<https://www.facebook.com/islenskaogtonlistum>), framkvæmd þess og hvernig til tókst. Kennarar Tónabréar hafa kynnt Tónabré fyrir starfsfólki Norðlingaskóla og starfsfólki Rauðhóls og jafnframt hafa ákveðnir starfsmenn SFS fengið kynningu sem og starfsmaður Miðju máls og læsis. Tónlistarkennari Tónabréar fór í morgunútvarp Rásar tvö, 16. apríl 2021 til að kynna Tónabré (<https://www.ruv.is/utvarp/spila/morgunutvarpid/23822/7grr58/tonabru>). Tónabré hefur fengið afar jákvæða athygli og finnum við fyrir miklum áhuga á að verkefni líkt og Tónabré verði órjúfa þáttur af kjarnaskólastarfsemi.

Dagsetning: 24. maí 2021

Erla G. Gestad.

undirskrift verkefnastjóra

NORÐLINGASKÓLI
ÁRVAÐS, 110 REYKJAVÍK
KT: 59085-1500

Þorbjörg Inga Björnsdóttir

undirskrift skólustjóra